

Fundargerð 23.ágúst kl 17:00

Mættir eru:

Auður G. Sigurðardóttir

Jón Levy

Arnar Hafsteinsson

Arnar Bragason

Rut Sigurðardóttir

Helgi Rafn Guðmundsson

1. Netið og heimasíðan.

Erlingur sem hefur verið að sjá um heimasíðuna hefur hugsanlega ekki tíma til að sinna því lengur og það gæti þurft að finna aðrar lausnir til að halda heimasíðunni gangandi. Hugmynd kom um að setja þyrfti upp nýjan vef með nýju einfaldara kerfi sem hægt verður að sinna á einfaldari hátt.

Jón talar við Erling varðandi hvort möguleiki sé á að Eidola geti hugsanlega styrkt okkur áfram. Sverrir Tryggvason á lénið og spurning að tala við hann og skoða málin með að færa lénið til TKÍ.

Arnar Braga spyr Sverri varðandi lénið ef skipta á út síðunni.

2. Beltaprófsstaðlar.

Þetta umræðuefni tengist lið 5.a. Stjórnin telur þessi umræða komin í farveg með beltaprófsnefndarumsóknunum. Þetta mál hangir saman við nefndarumræðuna.

3. Framhald varðandi kynningar í skólum og aðrar kynningar í framhaldi, t.d. sýningarhópurinn, auglýsingar. -> ein umsókn komin inn.

Helst hefðum við vilja sjá svartbeltinga í þetta verkefni og sjáum ekki fram á að geta fylgt þessu eftir eins og staðan er núna. Auður hefur samband við Margréti og skýrir málavexti.

Auglýsingar: Hugmynd kom um að fá gamla sjónvarpsauglýsingu og setja inn á netið sem kynningarefni. Skjár Einn bjó til auglýsinguna – Sigursteinn og fleiri komu að auglýsingunni. Jón talar við Sigurstein um þessa auglýsingu.

Hugmynd kom upp á að búa til Facebook síðu fyrir TKÍ. Jón athugar með Facebook síðu.

Bæklingar: Tillaga kom um að búa til bæklinga til að dreifa í leikfímistíma í skólum. Spurning hvað félögin eru að gera sjálf. Umræður komu líka upp varðandi plaköt en heimasíðan þyrfti að vera góð og upplýsandi til að plakötin myndu virka sem skyldi. Tillaga kom um að halda formannafund núna í byrjun október og ræða þessi mál við félögin. Tillagan samþykkt með greiddum atkvæðum. TKÍ mun

reyna að ýta á formenn félaganna til að mæta á formannafundinn. Formannafundur verður boðaður fimmtudaginn 1.okt. kl. 19:00 í sal ÍSÍ, Engjavegi 6. Auður bókar sal.

4. Styrkir vegna ferða landsliðs á ýmiss opin mót erlendis.

Tillaga kom að byggja til beinagrind um hvernig styrkjum er hagað til keppenda landsliðsins, t.d. að keppendur fá ákveðið hlutfall borgað eftir því hvaða mót er í gangi hverju sinni. HM og EM verða þá mót sem TKÍ myndi líklega styrkja meira en önnur venjuleg opin mót.

Keppendur myndu þurfa að sækja aukalega um styrki ef um er að ræða HM eða EM.

Arnar Braga tekur að sér að setja saman smá viðmið um heildarþakka í kostnað. Hlutfallið sem TKÍ myndi vilja styrkja væru 1/3 á móti félagi 1/3 og keppendur sjálfir 1/3 fram til áramóta. Þetta mál verður tekið aftur upp á næsta fundi.

5. Styrktarumsóknir

a. Poomse umsókn frá Sigursteini og Eduardo

Sigursteinn og Eduardo sendi aðra umsókn vegna annars námskeiðs fyrir landsliðið í Poomse. TKÍ myndi halda námskeiðin. Styrktarupphæðin er 150.000kr. Tillagan fær góðan hljómgrunn en TKÍ vill fá frekari upplýsingar um hvernig Poomse landsliðið stendur í dag, hvort einhverjir séu í landsliðinu yfir höfuð og hvort grundvöllur sé fyrir námskeiðinu. TKÍ vill boða landsliðsþjálfarana á fund til að hægt sé að útfæra þessa hugmynd betur og hægt sé að nýta þetta inn í beltaprófsstaðlana.

Tillaga kom um að samþykkja styrktarumsóknina með þeim fyrirvara að landsliðsþjálfarar hitti stjórnina sem fyrst og útfæri hugmyndina ítarlegra. Tillagan er samþykkt af öllum greiddum atkvæðum.

b. HM styrktarumsókn keppendur á HM

c. Kjör Björns á British Open 2009

TKÍ samþykkir að styrkja Björn um 40% af kostnaði ferðarinnar. Auður talar við hann varðandi að hann verði að græja flugið sjálfur. Samþykkt af öllum greiddum atkvæðum.

d. Hitta Björn vegna fyrirhugaðra æfingabúða

Arnar Braga hringir í Björn og tekur stöðuna með honum og ræðir málin.

6. Stofnun nefnda. Skoða stöðu.

Auður sendir auglýsingu vegna nefndarmála á Erling til að setja á heimasíðuna. Vantar að setja inn umsóknarfrest og hvert umsækjendur eiga að senda sínar umsóknir: tki@taekwondo.is.

7. Alþjóðlegt dómaranámskeið v. Sigursteins. Skoða stöðu.

Samkvæmt upplýsingum TKÍ frá Kóreu þá erum við með allar upplýsingar um að Sigursteinn sé fullgildur á námskeiðið. Höfum ekkert heyrt varðandi þetta mál frá Sigursteini en þarf að athuga hvort hann hafi tekið ákvörðun að fara ekki í þetta sinn.

8. Staða verkefnastjóra

Auður hafði hug á að hætta sem verkefnastjóri um næstu mánaðarmót. TKÍ vill semja við Auði um að hún haldi áfram allavega til áramóta og skoði stöðuna þá. Auður samþykkir það. Gjaldkerastarfið verður að færest yfir á annan. Arnar Braga talar við Pétur varðandi gjaldkerastarfið.

9. Önnur mál

- a. Arnar Hafteinsson formaður tilkynnir afsögn sína. Hann telur sig ekki geta sinnt þessu starfi eins og hann hélt hann gæti. Hann telur sig ekki vera nógu reynslumikill í íþróttinni og finnur að það er að hamla honum mjög í að sinna þessu starfi eins vel og hann vildi gera. Hann hefur ekki getað kynnt sér hvernig það fer fram. Líklega þarf að tilkynna það formlega. Auður athugar hvernig þetta gengur fyrir sig á formlegan hátt hjá ÍSÍ og hvað þarf að gerast í framhaldi að því. Framhaldið verður tekið fyrir á næsta fundi stjórnarinnar. Arnar Bragason tekur við sem formaður þangað til aðrar upplýsingar liggja fyrir. Finna þarf tíma til að funda með Líney hjá ÍSÍ og finna þessum málum farveg áður en tilkynnt verður um lausn formanns. Arnar talar við Líney og lætur vita varðandi fundinn.
- b. Tillaga kom um að ræða dómaramál á næsta fundi, setja inn í fundardagskrá.
- c. Google documents – Jón levy sendir upplýsingar
- d. Stilla pósthólf til að senda email á gmail póstfang – Auður gerir.

Fundi slitið kl. 18:52

Næsti fundur verður haldinn: fimmtudagur 3. sept kl. 19:00 á skrifstofu TKÍ.